

- 109** 12. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélagið Áróði. Varnarþing í Reykjavík.
10. sept. Staðfest 22. ágúst 1946.
13. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélagið Skjól. Varnarþing í Reykjavík.
Staðfest 4. september 1946.
14. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélagið Bjarg. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 10. september 1946.

Samþykktirnar eru í samræmi við fyrirmynd að samþykktum, sem birt er með auglýsingu nr. 92 12. júní 1946, Stj.tíð. B., bls. 174—179.

Félagsmálaráðuneytið, 10. september 1946.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Gunnl. E. Briem.

110

16. sept.

AUGLÝSING

um breyting á kærufresti til ríkisskattaneðndar.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 16 10. apríl 1946, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að á þessu ári skuli kærufrestur til ríkisskattaneðndar vera til 1. okt. þ. á.

Félagsmálaráðuneytið, 16. september 1946.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Sigtryggur Klemensson.

111

30. ágúst

GJALDSKRÁ

fyrir Landssíma Íslands um flutning veðurathugana og annarra veðurskeyta innanlands.

1. gr.

Gjald fyrir flutning veðurathugana og annarra veðurskeyta innanlands er hið sama og fyrir venjuleg innanlandsskeyti, og skulu þau þó hafa forgang fyrir öðrum skeytum.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 1941 um fjarskipti og gengur í gildi 1. jan. 1947. Falla þá jafnframt úr gildi fyrri ákvæði um flutning slíkra skeyta.

Póst- og símamálaráðherrann, 30. ágúst 1946.

Emil Jónsson.

Guðmundur Hliðdal.